

Akranes 25. mars 2015

**Varðar: Umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágu og endurgreiðslur til ípróttafélaga), 411 mál.**

F.h. Knattspyrnufélags ÍA vill undirritaður formaður félagsins lýsa yfir fullum stuðningi við umrætt frumvarp, en stuðningur Knattspyrnufélags ÍA byggir á eftirfarandi atriðum:

1. Eins og flestum er kunnugt þá byggir starfsemi ípróttafélaga á Íslandi nær 100% á sjálfböðavinnu. Á undanförunum árum hafa kröfur til ípróttafélaga aukist til muna og snúa þær auknu kröfur bæði að faglegri uppbyggingu og uppbyggingu og viðhaldi mannvirkja.
2. Til þess að mæta þessum auknu kröfum þurfa sjálfböðaliðar að leggja á sig æ meiri vinnu auk þess sem að fjáraflanir allar þurfa að vera umsvifameiri og um hærri fjárhæðir er að ræða.
3. Þessum auknu umsvifum fylgir aukin ábyrgð, en burðir ípróttafélagna til eflingar skrifstofuhalds til þess að halda utan um þessa hluti vaxa ekki að sama skapi. Það yrði því til umtalsverðrar hagræðingar í starfi ípróttafélaganna að „losna við“ virðisaukaskattsuppgjör. Þá dregur það mjög úr áhættu þeirra sem að sinna stjórnarstörfum í ípróttafélögum í sjálfböðavinnu að koma vörslusköttum út úr starfsemi ípróttafélaga en misfellur í meðferð þeirra geta varðað þungum refsingum. Almennt er það skoðun Knattspyrnufélags ÍA að vörsluskattar eigi ekki heima í sjálfböðastarfi.
4. Með vísan til framangreindra aukinna krafna til aðstöðu í ípróttafélögum á sama tíma og velflest sveitarfélög eru enn löskuð eftir fjármálahrunið hefur það lagst þyngra á ípróttafélögin en áður að standa fyrir byggingu og viðhaldi ípróttamannvirkja. Álögur á virðisaukaskatti eru ekki til þess fallnar til að ýta undir þátttöku ípróttafélaga í þessari nauðsynlegu uppbyggingu. Starfsemi ípróttafélaga er nógu erfið þó ekki leggist ofan á það starf þungar álögur ríkisins.

Virðingarfyllt,  
F.h. Knattspyrnufélags ÍA

---

Magnús Guðmundsson, formaður